

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Suðurgata – Hamarsbraut.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi á fundi sínum þann 8. júlí 2020 breytingu er nær til lóðarinnar við Suðurgötu 40. Breytingin var einnig staðfest á fundi bæjarráðs þann 16. júlí 2020.

Í breytingunni felst að fallið er frá gerð kjallara og að húsið verði þess í stað aðalhæð og ris. Vegg hæð frá kóta við götu verður 4,3 m í stað 3,5 m og hámarkshæð mænis 7,3 m frá kóta við götu. Hækkun hússins verður því 0,8 m. Byggingarreitir hússins er stækkaður baka til, til norðvesturs.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði, 16. júlí 2020.

Gunnþóra Guðmundsdóttir skipulagsfulltúi.

B-deild – Útgáfud.: 30. júlí 2020